

### 43. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 4. desember 2002 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn, skólastjórar og fulltrúar foreldra og starfsfólks.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

a) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Fór hann yfir undirbúning að fjárhagsáætlun fyrir árið 2003.

Skólastjóri sagði frá því að grunnskólinn í Stykkishólmi sé þátttakandi í verkefni sem snýr að markvissri vinnu gegn einelti. U.þ.b. 50 íslenski skólar taka þátt í verkefninu sem tekur 1 ½ ár. Verkefnisstjórn er í höndum Sigbrúðar hjá FSS.

Skólastjóri greindi frá þeirri ákvörðun að nú heimsæki hann hvern bekk tvisvar í mánuði.

Þá eru próf hafin í framhaldsdeildini.

Skólinn hefur fengið leyfi til að bjóða upp á “Pungapróf” frá áramótum í samvinnu við Símenntunarmiðstöðina.

Jólafondur verður í næstu viku í samvinnu við foreldrafélagið.

b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Gerði hún grein fyrir undirbúningsvinnu vegna fjárhagsáætlunar fyrir árið 2003.

80 börn eru nú í leikskólanum og fer þeim fjölgandi, 3 deildir eru nú í leikskólanum sem kallar á aukin umsvif.

Jólafondur er í þessari viku og kirkjuferð leikskóla og grunnskóla verður í næstu viku.

Formaður lagði fram tillögu um 8% hækkun á leikskólalagjöldum.

Að loknum skýrslum sínum svöruðu skólastjórar framkomnum fyrirspurnum.

2. Önnur mál.

a) Almennar umræður um skólastarf, þjónustu Félags- og skólaþjónustunnar o.fl.

b) Rætt um umferð og aðkomu við barnaskólann við Skólastíg og skólann við Borgarbraut.

c) Næsti fundur ákveðinn 8. janúar nk.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).

Björn Sverrisson (sign.),  
Gunnar Svanlaugsson (sign.),  
Ingveldur Eypórsdóttir (sign.),  
Ásta Valdís Guðmundsdóttir (sign.),  
Sigrún Þórsteinsdóttir (sign.),

Egill V. Benediktsson (sign.),  
Margrét Thorlacius (sign.),  
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),  
Linda S. Sigurðardóttir (sign.),  
Sigurborg Sturludóttir (sign.).